

Skólaráðsfundur 04.02.2026

Mættir: Bylgja skólastjóri, Kolbún Ósk fulltrúi kennara, Embla Ósk fulltrúi nemendaráðs, Guðný Björg fulltrúi nemendaráðs, Konný fulltrúi kennara, Margrét fulltrúi grenndarsamfélagsins, Hjördís Ýr fulltrúi almenns starfsfólks, Elsa Marta fulltrúi foreldrafélagsins.

1. mál – skóladagatöl

Bylgja fer yfir skóladagatal vorannar. Á samskiptadegi í janúar tóku allir nemendur og forráðamenn könnun varðandi virkni í íþrótt- og tómstundastarfi.

Árshátíð miðstigs er stórt leikrit sem verður vonandi sýnt í opinni sýningu seinnipart í mars.

Bylgja kynnir drög að skóladagatali næsta skólaárs. Skóladagatalið er samþykkt af skólaráði með fyrirvara um breytingar sem gætu orðið á kennarafundi. Ef breytingar verða sendir Bylgja uppfært dagatal á skólaráð.

2. mál – skólastarf

Bylgja segir frá skólastarfi í janúar og febrúar. Farið yfir umbætur og áherslur og hvað er á áætlun að vinna með á þessu skólaári. Nám, námsmat ásamt líðan nemenda, þarfir og starfsandi er í brennidepli á þessu ári. Þá er lögð áhersla á viðmót, menningu skóla, samstarf við heimili og þróunarverkefni.

Skólapúlsinn er ekki kominn fyrir janúar en síðustu niðurstöður segja okkur að það þurfi að auka sjálfsálit stúlka og koma í veg fyrir að samskiptavandi verði að einelti.

Lesfimi- og stuðningspróf voru lögð fyrir í janúar, það voru breytingar og smá byrjunarörðuleikar varðandi nýtt umhverfi og skil á niðurstöðum. Almenn ánægja með nýtt umhverfi en það vantar enn betri leiðir til að birta niðurstöður.

Vöxtur – Virðing – Vilji – Vinátta

Stöðu og framvinduprófin verða lögð fyrir 4., 6. og 9. bekk í mars.

3. mál – foreldrafélagið

Nýbúið að halda aðalfund foreldrafélagsins. Elsa Marta er nýr formaður, Ása Lilja varaformaður, Dircelene er gjaldkeri, Arnar Geir ritari og Halldór Jón er meðstjórnandi.

Framundan er að halda páskaferið. Foreldrafélagið hefur verið duglegt að styrkja skólann og starfið.

4. mál – nemendaráð

Aflýsa þurfti skíðaferðinni vegna færðar. Hugmynd frá nemendaráði að fara á skauta. Fulltrúar nemendaráðs úr 10. bekk eru að mæta á ungmennaping á vegum Barnaheilla á næsta föstudag.

Nemendaráð var með smakk á þorramat á bóndadaginn og verða með pönnukökur á konudaginn. Bollukappátt á bolludaginn og verðlaun fyrir alla á unglingastigi sem mæta í búningi á öskudaginn.

Skólablaðið Sandkorn fer í vinnslu fljótlega.

5. mál – önnur mál

Skólaping: á næsta fundi að skipuleggja skólaping.

Mikil endurmenntun hjá starfsfólki. Margt í gangi í skólastarfinu.

Skólasel og Skýið fara líklega á Sólborg á næsta skólaári.

Næsti fundur: 18. mars kl. 09:00